




UMHVERFIS
STOFNUN

Stafræn stefna 2023-2025

Leiðarljós

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að þjónusta fólk og náttúru í þágu umhverfisverndar

með því að nýta tæknilega innviði til aukinnar upplýsingaöflunar og miðlunar



Stefnuáherslur

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að þjónusta fólk og náttúru í þágu umhverfisverndar með því að nýta tæknilega innviði til aukinnar upplýsingaöflunar og miðlunar.



Mannauður og skipulagsheild

Starfsfólk býr yfir færni og metnaði til þess að tileinka sér tækninýjungar og nýjar leiðir í starfi. Menning stofnunarinnar hvetur til þverfaglegs samstarfs á milli starfseininga.



Stafrænir innviðir

Stafrænir innviðir eru aðlögunarhæfir, öruggir, skalanlegir og gera stofnuninni kleift að veita framúrskarandi skilvirka þjónustu í þágu umhverfisverndar.



Upplýsingadrifnar aðgerðir

Umhverfisstofnun er í fararbroddi stofnana í hagnýtingu gagna og nýtir nútíma tækni við upplýsingaöflun og miðlun til íbúa og hagaðila með umhverfisvernd og lýðheilsu að leiðarljósi.



Samþætt umhverfi við samstarfsaðila

Tækni innviðir styðja við öflugt samstarfsumhverfi hagaðila þar sem hæfni og geta er til staðar að miðla gögnum og samnýta lausir.

Mannauður og skipulagsheild



Starfsfólk Umhverfisstofnunar býr yfir færni til þess að laga sig að tækninýjungum sem umbylta markaðnum. Menning stofnunarinnar hvetur til þverfaglegs samstarfs á milli starfseininga.

Ávinningur:

Auka færni starfsfólks í tækninýjungum

Við það að auka færni alls starfsfólks í nýtingu á stafrænum innviðum batnar þjónusta við hagaðila, kostnaður lækkar, dregur úr neikvæðum umhverfisáhrifum og starfsánægja eykst.

Stafrænt starfsumhverfi sem styður við þverfaglegt teymisstarf

Aukin nýtingu á stafrænum innviðum getur stutt starfsfólk í skilvirkari samskipti og betra samstarf þvert á stofnunina á sama tíma og það getur bætt starfsumhverfið (í gegnum aukin samskipti).

Efla verkefnastjórnun

Ávinningurinn af því að allir starfsmenn í Umhverfisstofnun fylgi markvissri verkefnastjórnunar aðferðafræði skilar aukinni skilvirkni og gæðum í gegnum öll verkefni í stofnuninni.


Aðgerðir:

- Efla þekkingu starfsfólks á almennum kerfum og í upplýsingaöryggi
- Setja upp þjálfunaráætlun í fyrirframákveðinni tækni og þjálfna starfsfólk í samræmi við hana
- Koma auga á starfsfólk innan starfseininga sem fær aukna þjálfun og fræðslu og getur þ.a.l. aðstoðað samstarfsfólk í ákveðinni færni/tækni (super user)
- Starfsþróun alls starfsfólks haldist í hendur við þróun í upplýsingatækni
- Hvetja til forvitni og nýjungagirni starfsfólks
- Tryggja öfluga og góða nýliðafræðslu á stafrænu lausnamengi stofnunarinnar

- Nýta betur tæknilausnir sem styðja við þverfaglegt teymisstarf og markviss samskipti
- Miðla staðlaðri aðferðafræði þegar veitt er þjónusta við hagsmunaaðila þvert á teymi
- Nýta sérfræðiþekkingu starfsfólks þvert á svið/teymi og auka þannig skilvirkni og þekkingarframboð
- Tryggja tækniúhverfi sem styður við hugmyndafræði og aðferðir verkefnastjórnunar

- Koma á laggirnar verkefnaráð sem er leiðbeinandi í aðferðafræði í verkefnastjórnun
- Bjóða starfsfólki upp á þjálfun í verkefnastjórnun
- Markviss þjálfun fyrir stjórnendur í nýtingu á stjórnendamælaborðum
- Skerpa á verkefnaskrá þar sem stjórnendur eru gerðir ábyrgir fyrir vali á stafrænum verkefnum

Stafrænir innviðir



Stafrænir innviðir Umhverfisstofnunar eru aðlögunarhæfir, öruggir, skalanlegir og gera stofnuninni kleift að veita framúrskarandi þjónustu í þágu umhverfisverndar.

Ávinningur:

Leiðandi aðferðir við þróun hugbúnaðar og framsetningu gagna nýttar

Með því að nota leiðandi aðferðir við þróun hugbúnaðar er hægt að auka skilvirkni og gæði við þróun hugbúnaðar innanhúss. Auk þess getur slíkt verklag aukið líkurnar á að lokavaran (e. end product) mæti þörfum/henti notandanum.

Starfsumhverfi okkar byggir á skilvirku tækniumhverfi

Skilvirkt tækniumhverfi getur aukið gæði og skilvirkni vinnu starfsfólks ásamt því að bæta starfsumhverfi sem hámarkar efnahagslega og félagslega velferð stofnunarinnar.

Staðlaður og opinn hugbúnaður

Notast er við staðlaðar hugbúnaðarlausnir í samræmi við stefnu ríkisins sem og opnar hugbúnaðarlausnir til að stuðla hagkvæmni í upplýsingatæknirekstri.


Aðgerðir:

- Skilgreina og innleiða staðlað þróunar- og innleiðingarverklag sem byggir á fyrirfram ákveðinni aðferðafræði (t.d. Agile/Scrum)
- Efla þverfaglegar þarfagreiningar eftir fyrirfram ákveðinni aðferðafræði (t.d. A3) áður en lagt er af stað í þróunarverkefni
- Framkvæma reglulegar þarfagreiningar sem varða veginn til nýjunga og endurnýjunar á tækja- og tölvubúnaði

- Tölvubúnaður og gagnavinnsur sem henta ólíkum þörfum starfsfólks og umfangi
- Greina þarf hvaða ferla er hægt að sjálfvirknivæða til að auka skilvirkni í ferlum stofnunarinnar
- Meta með hvaða hætti mönnun upplýsingatækniverkefna fer fram, hvort ráðast eigi í ráðningar og/eða fá verktaka til vinnslu verkefna

- Færsla yfir í sameiginlegan skýjageira ríkisins
- Opnar hugbúnaðarlausnir nýttar og aðlagðar ef þarf
- Tækni, gögn og tæki styðja við skapandi starf sem byggir á lausnaleit og nýsköpun
- Gætt er að net- og gagnaöryggi í öllum verkefnum

Upplýsingadrifnar aðgerðir



Umhverfisstofnun er í fararbroddi stofnana í hagnýtingu gagna og nýtir nútíma tækni við upplýsingaöflun og miðlun til íbúa og hagaðila með umhverfisvernd og lýðheilsu að leiðarljósi.

Ávinningur:

Yfirsýn og eignarhald verkefna

Með aukinni yfirsýn og eignarhaldi verkefna geta stjórnendur og ábyrgðaraðilar tekið upplýstar ákvarðanir, fylgst með og stutt verkefni á viðeigandi hátt.

Örugg meðhöndlun gagna

Með aukinni stafvæðingu stofnunarinnar er mikilvægt að huga að öruggri gagnameðhöndlun þvert á stofnunina og í allri miðlun. Gagnaöryggi skapar traust og eykur gæði og áreiðanleika upplýsinga.

Greiningar og nýting gagna í rauntíma til bættrar ákvarðanatöku

Nýta og greina undirliggjandi gögn til upplýstrar ákvarðanatöku er hægt að auka gæði, skilvirkni og hagræða innan stofnunarinnar.

Aðgerðir:

- Auka nýtingu á verkefnastjórnunartólum (s.s. Planner) og þjálfa allt starfsfólk í skilvirki nýtingu
- Meta tækifæri til nýtingu á gervigreind og koma auga á ferla sem hægt er að sjálfvirknivæða að hluta til eða í heild (t.d. með Power Automate)
- Haldið utan um eina miðlæga verkefnaskrá yfir skilgreind stafræn verkefni

- Tryggja öryggi og aðgengi að gögnum í grunnum með viðeigandi tengingum
- Þjálfa starfsfólk í gagnameðhöndlun í samræmi við nýja verkferla
- Fækka verknúmerum í verkbókhalda
- Nýta staðlaða aðferðafræði við uppsetningu á gagnalíkönnum fyrir greiningar

- Bæta verkefnastjórnun og yfirsýn stjórnenda með því að nýta gögn til þess að fá yfirsýn yfir verkefni
- Styrkja og efla þekkingu starfsfólks í notkun og vali á mælaborðum
- Setja upp mælaborð verkefnastjórnunar í Power BI sem byggja á rauntímagögnum

Samþætt umhverfi við samstarfsaðila



Tækni innviðir Umhverfisstofnunar styðja við öflugt samstarfsumhverfi hagaðila þar sem hæfni og geta er til staðar að miðla gögnum og samnýta lausir.

Ávinningur:

Aukið þjónustuframboð í gegnum ísland.is

Gæði þjónustu við borgara er hægt að bæta með því að færa þær þjónustur sem hægt er inn á ísland.is sem getur einnig falið í sér aukna hagræðingu og dregið úr umsýslu innanhúss.

Aukið samstarf með hagaðilum og öðrum stofnunum

Lögð er áhersla á að skiptast á og samnýta gögn með öðrum stofnunum skapast tækifæri til hagræðingar, bættrar þjónustu og skilvirkari samskiptum við hag- og samstarfsaðila.

Notendaviðmót kerfa

Lögð er áhersla á einfalt notendaviðmót á stafrænum innviðum Umhverfisstofnunar fyrir starfsfólk og ytri notendur til bæta upplifun.

Aðgerðir:

- Fjölga markvisst þjónustuframboði í gegnum ísland.is
- Færa allar umsóknir og þjónustur við borgara sem hægt er inn á landingarsíður ísland.is

- Auka samskipti um samstarf við aðrar stofnanir með samnýtingu lausna að leiðarljósi
- Vera opin fyrir því að nýta lausnir sem aðrar stofnanir eru nú þegar að nýta sér
- Tryggja þarf viðeigandi öryggi og aðgengi að gögnum þegar samnýta á lausnir

- Framkvæma þarfagreiningar á kerfum sem eru í notkun til þess að skilja hvaða notendaupplifun þarf að bæta til að auka ánægju

Rýni

Stafræn stefna Umhverfisstofnunar gildir til loka árs 2025 en verður endurskoðuð árlega á tímabilinu.

Endurskoðuð stefna, markmið og verkefni taka mið af árangri innleiðingar og breytingum í starfsumhverfinu.



**UMHVERFIS
STOFNUN**

